

Þriðjudaginn 25. júní 1974.

**Nr. 1/1974. Vinnuveitendasamband Íslands fyrir sína hönd og Landssambands íslenzkra útvegsmanna vegna Útvegsmannafélags Vestfjarða**  
 (Jónas Haraldsson cand. jur.)  
 gegn  
**Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands f. h. Vélstjórafélags Íslands**  
 (Jón Þorsteinsson hrl.).

Dómarar:

Hákon Guðmundsson, Gunnlaugur E. Briem, Bjarni K. Bjarnason,  
 Guðmundur Vignir Jónsson og Ragnar Ólafsson.

Deilt um lögmati verkfalls.

**Dómur.**

Mál þetta er höfðað fyrir Félagsdómi með stefnu, dags. 2. f. m., af Vinnuveitendasambandi Íslands fyrir sína hönd og Landssambands íslenzkra útvegsmanna vegna Útvegsmannafélags Vestfjarða gegn Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands f. h. Vélstjórafélags Íslands.

Stefnandi gerir þær dómkröfur:

1. Að dæmt verði, að vinnustöðvun sú, er F.F.S.Í. f. h. Vélstjórafélags Íslands boðaði þann 17. apríl sl. hjá vélstjór-um á skuttogurum undir 500 rúmlestum að stærð, sem gerðir eru út á félagssvæði Útvegsmannafélags Vestfjarða, verði dæmd ólögmat.
2. Að stefndi verði dæmdur til greiðslu sektar.
3. Að stefnda verði dæmt að greiða stefnanda málskostnað að skaðlausu eftir mati dómsins.

Stefndi krefst sýknu af dómkröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans eftir mati dómsins.

Málavextir eru þessir:

**I.**

Hinn 9. marz sl. var undirritaður kjarasamningur milli Farmanna- og fiskimannasambands Íslands f. h. Vélstjórafélags Íslands og Vélstjórafélags Vestmannaeyja annarsvegar

og Landssambands íslenzkra útvegsmanna vegna 10 nafngreindra útvegsmannafélaga hinsvegar. Var undirritun af hálfu beggja aðilja með fyrirvara um samþykki félagsstjórna og samþykki hinna nafngreindu stéttarféлага og útvegsmannafélaga.

Í 26. gr. þessa kjarasamnings er svohljóðandi ákvæði: „Félagar í L.Í.Ú. skuldbinda sig til að láta féлага í F.F.S.Í. ganga fyrir vinnu“.

Útvegsmannafélag Vestfjarða, sem er félagsaðili í Landsambandi íslenzkra útvegsmanna, var ekki meðal þeirra útvegsmannafélaga, sem voru aðiljar að nefndum kjarasamningi. Er fram komið, svo sem síðar verður rakið, að undanfarin ár hafi sá háttur verið á kjarasamningum á Vestfjörðum, að útvegsmenn þar hafa samið við Alþýðusamband Vestfjarða fyrir hönd háseta, matsveina og vélstjóra um kaup þeirra og kjör.

Hinn 25. marz sl. ritar Farmanna- og fiskimannasamband Íslands Landssambandi íslenzkra útvegsmanna bréf þess efnis, að stjórn Vélstjórafélags Íslands hafi falið sér að tilkynna L.Í.Ú. þá stjórnarsamþykkt sína, „að samningur milli félagsins og L.Í.Ú., dags. 9. marz 1974, verði ekki staðfestur fyrr en öll útvegsmannafélög innan L.Í.Ú. hafa gerst aðiljar að samningi félagsins um kaup og kjör vélstjóra“.

Jafnframt ítreki stjórnin (þ. e. stjórn vélstjórafélagsins) af því tilefni „Kröfu sína um það, að það verði eini viðurkenndi samningsaðilinn fyrir skip með vélar yfir 500 hö.“

Landssamband íslenzkra útvegsmanna svaraði bréfi þessu hinn 1. apríl sl., og segir m. a. svo í svari þess:

„Í þessu sambandi viljum vér taka fram, að hvert einstakt útvegsmannafélag innan samtaka vorra er sérstakur samningsaðili og að Útvegsmannafélag Vestfjarða hefur ekki ósk að eftir því að gerast aðili að sameiginlegum kjarasamningi milli samtaka vorra og Vélstjórafélags Íslands.

Vér vekjum athygli á, að algjörlega er um hliðstætt atriði að ræða varðandi Skipstjóra- og stýrimannafélagið Bylgjuna á Ísafirði. Það félag virðist ekki æskja aðildar að heildarsamningi L.Í.Ú. og F.F.S.Í. um kaup og kjör skipstjóra og

stýrimanna, og þér virðist ekki hafa aðstöðu til að sjá um að svo verði“.

Næst gerist það, að hinn 9. apríl sl. sendir stefndi Landsambandi íslenzkra útvegsmanna eftirfarandi verkfallsboðun:

„Farmanna- og fiskimannasamband Íslands tilkynnir yður hér með fyrir hönd Vélstjórafélags Íslands, að félagið boðar vinnustöðvun vélstjóra á skuttogurum undir 500 rúmlestum að stærð, sem gerðir eru út á félagssvæði Útvegsmannafélags Vestfjarða. Vinnustöðvunin hefst miðvikudaginn 17. apríl næstkomandi kl. 24.00. Ákvörðun um vinnustöðvunina var tekin á fundi stjórnar- og trúnaðarmannaráðs Vélstjórafélags Íslands hinn 3. apríl s.l.“.

Í framhaldi af nefndri verkfallsboðun sendir svo Vélstjórafélag Íslands hinn 30. apríl sl. Landssambandi íslenzkra útvegsmanna svohljóðandi tilkynningu um samúðarverkfall:

„Þar sem samningar hafa enn ekki tekist milli félagsins og Útvegsmannafélags Vestfjarða, hefur stjórn og trúnaðarmannaráð félagsins ákveðið að boða samúðarverkfall hjá eftirtöldum útvegsmannafélögum og komi það til framkvæmda á miðnætti hinn 7. maí 1974, hafi samningar ekki tekist fyrir þann tíma:

Útvegsmannafélag Reykjavíkur,  
 Útvegsmannafélag Hafnarfjarðar,  
 Útvegsmannafélag Hornafjarðar og Djúpavogs,  
 Útvegsmannafélag Vestmannaeyja,  
 Útvegsmannafélag Þorlákshafnar,  
 Útvegsmannafélag Suðurnesja,  
 Útvegsmannafélag Akraness,  
 Útvegsmannafélag Snæfellsness,  
 Útvegsmannafélag Eyjafjarðar og nágrennis,  
 Útvegsmannafélag Austfjarða“.

Sama dag sendi Vélstjórafélag Íslands Félagi ísl. botnvörpukskipaiegenda einnig eftirfarandi tilkynningu um samúðarverkfall:

„Þar sem samningar hafa ekki tekist milli félagsins og Útvegsmannafélags Vestfjarða, hefur stjórn og trúnaðarmannaráð félagsins ákveðið að boða samúðarverkfall á tog-

arafлотanum, sem kæmi til framkvæmda á miðnætti hinn 7. maí 1974, hafi samningar ekki tekist fyrir þann tíma“.

Jafnframt tilkynnti vélstjórafélagið þenna sama dag Vinnuveitendasambandi Íslands samúðarverkfall með eftirfarandi bréfi:

„Þar sem samningar hafa enn ekki tekist milli félagsins og Útvegsmannafélags Vestfjarða, hefur stjórn og trúnaðarmannaráð félagsins ákveðið að boða samúðarverkfall á kaupskipum eftirtalinna útgerðarféлага innan Vinnuveitendasambands Íslands, og kemur verkfallið til framkvæmda á miðnætti 7. maí 1974, hafi samningar ekki tekist fyrir þann tíma.

Eimskipafélag Íslands,  
Eimskipafélag Reykjavíkur,  
Hafskip h/f,  
Jöklar h/f“.

Þrátt fyrir verkfallsboðun stefnda, að því er tók til verkfalls á félagssvæði Útvegsmannafélags Vestfjarða og hefjast átti 17. apríl sl., lögðu engir vélstjórar niður vinnu þar vestra og stendur svo enn. Hefur boðað verkfall því ekki komið til framkvæmda í verki.

I flutningi máls þessa er það komið fram, að Vélstjórafélag Íslands hefur við almenna atkvæðagreiðslu samþykkt framangreindan kjarasamning frá 9. marz og af hálfu Landssambands íslenzkra útvegsmanna er því lýst yfir, að hann hafi einnig verið samþykktur af hálfu þeirra útvegsmannafélaga, sem þá undirrituðu hann með fyrirvara um samþykki félagsmanna sinna.

## II.

Samkvæmt gögnum málsins og málf lutningi aðilja, hefur kjarasamningum á Vestfjörðum verið svo háttað, að Alþýðusamband Vestfjarða semur með einum sameiginlegum kjarasamningi við Útvegsmannafélag Vestfjarða um kaup og kjör háseta, matsveina og vélstjóra þar vestra, en stéttarfélagum sjómanna á þessu svæði mun a. m. k. að einhverju leyti svo háttað, að hásetar, matsveinar og vélstjórar eru í einu og sama stéttarfélagi.

Samkvæmt upphafsákvæði kjarasamnings milli nefndra aðilja frá 28. des. 1971 tekur hann til „allra skipa, sem út-

vegsmenn á Vestfjörðum eiga, leigja eða hafa útgerðarstjórn á og sem gerð eru út frá svæði því, sem samningur þessi nær til“.

I 23. gr. þessa sama samnings er svohljóðandi ákvæði um forgangsrétt:

„Fullgildir félagsmenn þeirra félaga, er að samningi þessum standa, skulu hverjir um sig hafa forgangsrétt til skiprúms á skipum og bátum þeim, er samningur þessi tekur til og gerðir eru út frá félagssvæði viðkomandi félags“.

Hinn 25. marz sl. varð enn samkomulag milli samninganefnda Alþýðusambands Vestfjarða og Útvegsmannafélags Vestfjarða um framlengingu og breytingar á nefndum kjarasamningi frá 28. des. 1971. M. a. er nú samið sérstaklega um skiptakjör á skuttogurum allt að 500 rúmlestir og nokkur önnur atriði, sem tengd eru þessari tegund skipa, og varða sum þeirra vélstjóra sérstaklega. Framangreind atriði um gildissvæði og forgangsrétt héldust óbreytt frá því sem áður var. Samkomulag þetta var undirritað með fyrirvara um samþykki viðkomandi félaga og samningsaðilja. Hefur það nú samkvæmt gögnum málsins verið staðfest af hálfu Útvegsmannafélags Vestfjarða og af hálfu Vélstjórufélags Ísafjarðar, sem er í Alþýðusambandi Vestfjarða, sem og af öllum öðrum stéttarfélögum innan sambandsins, þar sem vélstjórar eru félagsmenn, nema Verklýðsfélaginu Brynju á Þingeyri, en hvert stéttarfélag innan sambandsins er sérstakur samningsaðili að því leyti, að gildistaka kjarasamnings er háð samþykki hvers þeirra fyrir sig. Hefur þannig stofnazi kjarasamningur milli Útvegsmannafélags Vestfjarða annars vegar og Vélstjórufélags Ísafjarðar og annarra stéttarféлага vélstjóra á Vestfjörðum hins vegar, um kjör félagsmanna þeirra, að undanskildu Verkalýðsfélaginu Brynju.

### III.

Að tilhlutan dómsins, sbr. 56. gr. laga nr. 80/1938, hefur Alþýðusambandi Íslands og Alþýðusambandi Vestfjarða verið gefinn kostur á því að tjá sig um ágreiningsatriði máls þessa og hafa verið lagðar fram greinargerðir af þeirra hálfu.

I greinargerð Alþýðusambands Íslands segir svo:

„Tekið skal fram, að Alþýðusamband Íslands hefur haft undir höndum og kynnt sér skjöl ofangreinds máls nr. 1–29.

Alþýðusamband Vestfjarða, ásamt þeim stéttarfélögum sem í því sambandi eru, hefur allt frá stofnun sinni verið meðlimur í Alþýðusambandi Íslands. Allan þenna tíma hefur ASV og/eða félögin innan þess verið samningsaðili um kaup og kjör á Vestfjörðum. Kjarasamningar þessara aðilja hafa alltaf náð til vélstjóra á Vestfjörðum.

Einnig nú er í gildi kjarasamningur um kaup og kjör vélstjóra á Vestfjörðum, eins og fyrir liggur í máli þessu.

Alþýðusamband Íslands mun ekki taka afstöðu til og telur það ekki skipta máli í þessu sambandi hvor samningurinn er hagstæðari fyrir vélstjóra, kjarasamningur ASV eða samningur Vélstjórafélags Íslands.

Hinsvegar heinist krafa Vélstjórafélags Íslands að því að knýja útvegsmenn á Vestfjörðum til samningsaðildar um kaup og kjör vélstjóra á Vestfjörðum, sem ASV eða félög innan þess hafa ávallt samið fyrir og hafa nú nýgerðan kjarasamning fyrir.

Beinist þessi kröfugerð vélstjórafélagsins því engu síður að Alþýðusambandi Vestfjarða en útvegsmönnum á Vestfjörðum.

Alþýðusamband Íslands getur ekki viðurkennt rétt stéttarfélag til þess að beita hvert annað þvingunum í þessa átt.

Samkvæmt framangreindu telur Alþýðusamband Íslands aðgerðir Vélstjórafélags Íslands gegn Útvegsmannafélagi Vestfjarða ekki kjarabaráttu í venjulegum skilningi þess orðs og telur félaginu því óheimilt að beita verkfalli samkvæmt II. kafla laga nr. 80/1938 til þess að knýja fram þessar kröfur sínar gegn Útvegsmannafélagi Vestfjarða.

Bréf þetta hefur verið borið undir Jón Sigurðsson forseta Sjómannasambands Íslands, og er hann samþykkur efni þess“.

Sjónarmið Alþýðusambands Vestfjarða eru m. a. þessi samkvæmt greinargerð umboðsmanns þess:

„Umbjóðandi minn tekur í einu og öllu undir kröfur stefnanda í máli þessu, enda telur hann verkfallsboðun stefnda óviðurkvæmilega ihlutun í samningamál útvegsmanna og vél-

stjóra á Vestfjörðum, sem kosið hafa að leysa þau mál heima í héraði og þá stundum á annan veg en hliðstæð samtök í Reykjavík.

Það mun rétt, sem segir í greinargerð stefnda á dskj. nr. 17, að félagssvæði stefnda sé landið allt. Stefndi hefur kosið að reyna að hasla sér völl á félagssvæðum annarra hliðstæðra félaga og í íslenskum lögum er ekkert sem bannar honum það. Hins vegar virðist á það skorta, að stefndi geri sér nægilega ljóst, að einhliða ákvörðun hans um stærð félagssvæðis skapar honum engan rétt til að krefjast þess að stefnandi sviki nýgerðan kjarasamning við Vélstjórafélag Ísafjarðar o. fl., en í honum er svohljóðandi forgangsréttarákvæði: „Fullgildir félagsmenn þeirra félaga, er að samningi þessum standa, skulu hverjir um sig hafa forgangsrétt til skiprúms á skipum og bátum þeim, er samningur þessi tekur til og gerðir eru út frá félagssvæði viðkomandi félags“. Samkvæmt upphafsákvæði samningsins tekur hann til allra skipa, sem útvegsmenn á Vestfjörðum eiga, leigja eða hafa útgerðarstjórn á og sem gerð eru út frá því svæði, er samningurinn nær til.

Framangreint forgangsréttarákvæði verður ekki samrýmt forgangsréttarákvæði samnings þess, sem stefndi hefur reynt að þvinga Útvegsmannafélag Vestfjarða til að gerast aðili að, en það hljóðar svo: „Meðlimir L.Í.Ú. skuldbinda sig til þess að láta meðlimi F.F.S.Í. ganga fyrir um vinnu“. Í sambandi við það ákvæði er raunar rétt að geta þess, að eins og undirritun samningsins er háttað, verður ekki lögð í það viðtækari merking en sú, að þar sé átt við þá meðlimi L.Í.Ú., sem aðild eiga að samningnum.

Rétt er að geta þess, að skuttogar þeir, sem verkfallsboðunin tók til, eru allir gerðir út frá félagssvæði Vélstjórafélags Ísafjarðar, nema Framnes I, ÍS 708, sem gert er út frá Þingeyri.

Í greinargerðinni er hin umdeilda boðun vinnustöðvunar aðallega réttlætt með því, að Vélstjórafélagi Íslands beri réttur og skylda til að gæta hagsmuna félagsmanna sinna, sem starfa á fiskiskipum gerðum út frá Vestfjörðum, með því að reyna að tryggja þeim hliðstæðan samningsrétt og félags-

bræður þeirra annars staðar á landinu njóta. Þessi röksemda-  
færsla verður ærið broslæg þegar til þess er litið, að hags-  
munagæzlan er hér fölgín í því, að semja um lakari kjör vél-  
stjórum þessum til handa en þeir njóta skv. kjarasamningi  
umbjóðanda míns við útvegsmenn. Samningur L.Í.Ú. og  
stefnda mælir t. d. fyrir um næstum 3% lægri kauptryggingu  
vélstjóra, svo dæmi séu nefnd, sbr. 21. og 23. (sic).

Samkvæmt dskj. nr. 3 beinist krafa stefnda á hendur út-  
vegsmönnum á Vestfjörðum að því m. a., að þeir viðurkenni  
hann sem eina sammingsaðilann fyrir skip með vélar yfir 500  
hestöfl. Hér verður að ætla, að átt sé við vélstjóra á slíkum  
skipum, en þau eru álitlegur hluti vestfirzka flotans, eða 32  
stærstu skipin, sbr. meðfylgjandi skrá, sem gerð er eftir Sjó-  
mannaalmanakinu 1974. Það er því töluverður hópur féлага  
í aðildarfélögum umbjóðanda míns, sem stefndi ætlar að  
þvinga til að yfirgefa stéttarfélög sín og ganga sér á hönd  
í þessari lotu, jafnframt því sem hann hyggst skerða kjör  
þeirra, eins og áður getur.

Eins og nú hefur verið sýnt fram á, er hér ekki um kjara-  
baráttu að ræða, og þegar talað er um rétt samkvæmt lögum  
nr. 80/1938 í 14. gr. þeirra, er fráleitt að telja að átt sé við  
rétt til að brjóta niður löglega gerða samninga annarra stétt-  
arfélaga og ásælast meðlimi þeirra. Hér er því ekki um að  
ræða tilvik, þar sem heimilt er að beita verkfalli skv. ákvæð-  
um II. kafla laga nr. 80/1938.

Ég tel sérstaka ástæðu til að mótmæla röngum og óviður-  
kvæmilegum fullyrðingum í greinargerð stefnda um að skip-  
stjórar og útvegsmenn skuttogaranna hafi þvingað vélstjór-  
ana sem séu félagsmenn Vélstjórafélags Íslands til áfram-  
haldandi starfa. Hér mundi, skv. dskj. nr. 24, vera átt við  
menn eins og Steinþór Steinþórsson á Guðbjörgu, Sigurð  
Þórðarson á Guðbjarti, Braga Ragnarsson á Bessa og Kristján  
Pálsson á Páli Pálssyni, sem allir hafa mótmælt afskiptum  
stefnda af kjarasamningum á Vestfjörðum í símskeyti til  
L.Í.Ú.

Ég vil að lokum ítreka þá skoðun mína, að taka beri kröfur  
stefnanda í máli þessu til greina að öllu leyti og lýsi fyllsta  
stuðningi umbjóðanda míns við þá kröfugerð“.



## IV.

Stefnandi styður dómkröfur sínar þeim rökum, að tilgangur boðaðs verkfalls stefnda sé að þvinga Útvegsmannafélag Vestfjarða til þess að gerast aðili að kjarasamningi þeim milli Landssambands íslenzkra útvegsmanna vegna útvegsmannafélaga þeirra, sem þar eiga hlut að máli, og Vélstjóraráfélags Íslands, sem undirritaður var 9. marz þ. á., og hefur nú hlotið endanlegt samþykki beggja samningsaðilja.

Þetta verkfall telur stefnandi hins vegar ólögmætt. Í fyrsta lagi vegna þess, að hér sé um að ræða ágreining um það, hvort Útvegsmannafélagi Vestfjarða sé skylt að gerast aðili að kjarasamningi L.Í.Ú. og Vélstjóraráfélags Íslands. Það atriði eigi Félagsdómur úrskurðarvald um samkvæmt 17. gr. laga nr. 80/1938 og sé því óheimilt að beita verkfalli meðan Félagsdómur hafi eigi kveðið upp dóm um það efni.

Í öðru lagi telur stefnandi, að kröfur stefnda á hendur Útvegsmannafélagi Vestfjarða séu ekki þess efnis, að þeim verði fylgt fram með verkfalli. Útvegsmannafélag Vestfjarða sé sjálfstæður samningsaðili og verði hvorki gert skylt að gerast aðili að framangreindum kjarasamningi L.Í.Ú. og Vélstjóraráfélags Íslands né heldur verði það skyldað til að fela L.Í.Ú. að semja fyrir sína hönd um kaup og kjör. Vélstjórum á Vestfjörðum sé ekki heldur skylt að vera félagar í Vélstjóraráfélagi Íslands, og eigi það félag því ekki aðild að kjarasamningi útvegsmanna og vélstjóra á Vestfjörðum. Vélstjórar þar séu ýmist félagsmenn í Vélstjóraráfélagi Ísafjarðar eða öðrum stéttarfélagum á Vestfjörðum, sem Alþýðusamband Vestfjarða annist nú kjarasamningagerð fyrir og hafi alla tíð gert.

Telur stefnandi, að eitt stéttarfélag geti ekki heldur boðað verkfall á félagssvæði annars stéttarfélags eða stéttarfélaga í sömu starfsgrein, sem hafi auk þess, eins og hér standi á, gert kjarasamning við það félag vinnuveitenda, er hlut eigi að máli á því félagssvæði. En hér sé málum einmitt þannig háttað, og taki sá kjarasamningur til allra þeirra skipa, sem útvegsmenn á Vestfjörðum geri út á því svæði, þ. e. Vestfjörðum. Sú hafi líka verið venjan, að útvegsmenn á Vestfjörðum hafi alltaf miðað kaup og kjör sjómanna sinna við þann kjarasamning, hvort sem sjómaðurinn var félagsmaður

í stéttarfélagi í Alþýðusambandi Vestfjarða eða stéttarfélögum utan þess svæðis. Sé það og meginregla í vinnumálarétti, að launþegum séu greidd laun samkvæmt kjarasamningi þeim, er gildir á vinnustað launþegans.

Hér standi líka þannig á, að kjarasamningar vestfirzkra sjómanna og kjarasamningur stefnda og útvegsmanna séu að ýmsu leyti ólíkir og geti því ekki gilt báðir á sama svæði. Auk þess séu vestfjarðasamningarnir hagstæðari vélstjórum, enda hafi vélstjórar, sem starfa á Vestfjörðum, alfarið neitað að hlíta verkfallsboðun stefnda. Telur stefnandi, að enda þótt Vélstjórafélag Íslands sé landsfélag, þýði það aðeins, að vélstjórum, hvar sem er á landinu, sé heimil innganga í það, en hins vegar hafi félagið ekki rétt til þess að boða til verkfalls á þeim svæðum, þar sem í gildi séu kjarasamningar, sem taki til vélstjóra. Tekur stefnandi undir þá staðhæfingu Alþýðusambands Íslands, sem fram er sett í greinargerð þess hér að framan, að hér sé ekki um kjarabaráttu að ræða í venjulegri merkingu þess orðs, heldur sé hér í reynd á ferðinni ágreiningur milli stéttarféлага um áhrifasvæði. Nú sé málum þann veg farið, að Alþýðusamband Vestfjarða hafi árum eða jafnvel áratugum saman farið með sammingsaðild fyrir sjómenn, og þá einnig vélstjóra, á félagssvæði sínu og m. a. samið um forgangsrétt fyrir þá. Sé það út af fyrir sig nægur grundvöllur að sammingslegum yfirráðarétti sambandsins á félagssvæði þess, Vestfjörðum.

Þar sem svo standi á um sammingsréttarlega aðstöðu, sé stefnda, einnig af þeirri ástæðu, óheimilt að beita verkfalli samkvæmt II. kafla laga nr. 80/1938 til að knýja fram, að útvegsmenn á Vestfjörðum gerist aðiljar að nefndum kjarasamningi frá 9. marz þ. á.

Loks heldur stefnandi því fram, að Vélstjórafélagi Íslands hafi verið óheimilt að boða til þessa verkfalls, eins og því er háttað, meðan ekki hafi verið endanlega úr því skorið, hvort félagið samþykkti samning þann, er undirritaður var 9. marz þ. á. með fyrirvara um samþykki félagsins.

Stefndi, sem krafizt hefur sýknu af kröfum stefnanda, byggir dómkröfu sína á því, að Vélstjórafélag Íslands sé stéttarfélag, sem hafi það megin verkefni að gera kjarasamninga

um kaup og kjör vélstjóra við útvegsmannafélög og aðra vinnuveitendur. Félagssvæðið nái yfir allt landið, þar á meðal Vestfirði, enda séu þar búsettir margir félagsmenn þess eða starfi þar á sjó og landi. T. d. sé um það bil þriðjungur vélstjóra á skipum vestfirzkra útvegsmanna félagsmenn þess. Vélstjórafélag Íslands fari eitt með kjarasamninga vélstjóra á öllum kaupskipafлотanum og á öllum togurum yfir 500 lestir, og þá einnig á togurum af þessari stærð, er gerðir hafi verið út frá Vestfjörðum. Hins vegar hafi samningsréttur að því er varðar fiskiskip undir 500 lestir verið tvískiptur. Annars vegar hafi Vélstjórafélag Íslands samið fyrir félagsmenn sína við útvegsmannafélögin, en á hinn bóginn hafi félög innan Sjómannasambandsins og staðbundin vélstjórafélög samið fyrir sína félagsmenn við hin sömu útgerðarfélög um kaup og kjör vélstjóra og fleiri skipverja. Hafi þessi tilhögun gengið árekstralaust.

Á Vestfjörðum hafi skipan þessara máli verið með öðrum hætti. Þar séu einvörðungu gerð út fiskiskip undir 500 lestir að stærð. Fari Alþýðusamband Vestfjarða með kjarasamningagerð fyrir sjómenn þar, þ. á m. fyrir hönd Vélstjórafélags Ísafjarðar við Útvegsmannafélag Vestfjarða. Vélstjórafélag Íslands hafi jafnan sótt eftir því að ná einnig á þessu svæði samningum um kaup og kjör félagsmanna sinna, sem stæðu við hlið kjarasamninga Alþýðusambands Vestfjarða á sama hátt og kjarasamningar vélstjórafélagsins annarsstaðar á landinu standi við hlið samninga Sjómannasambands Íslands. Þess vegna hafi stefndi á sl. vetri sett fram kröfu um nýjan kjarasamning við öll útvegsmannafélög á landinu, þar með talið Útvegsmannafélag Vestfjarða, sem eigi hafi áður verið samningsaðili hans. Útvegsmannafélagið hafi þá alls eigi viljað semja við stefnda. Hafi því grundvöllur fyrir viðræðum um efni kjarasamnings eigi verið til staðar. Hins vegar hafi verið samið við önnur útvegsmannafélög hinn 9. marz og sá kjarasamningur nú verið staðfestur af öllum samningsaðiljum. Vélstjórafélag Íslands hafi samþykkt hann við almenna atkvæðagreiðslu.

Að því er sjálfst verkfallið varðar, heldur stefndi því fram, að það sé í alla staði lögmætt. Ákvörðun um það hafi verið

tekin með lögmæltum hætti og hún boðuð með réttum fyrirvara. Verkfallið sé í því skyni gert, að knýja Útvegsmannafélag Vestfjarða til að semja um kaup og kjör þeirra félagsmanna Vélstjórafélags Íslands, sem starfa á fiskiskipum, er gerð séu út á Vestfjörðum, þ. e. gerð út af útgerðarmönnum, sem eru félagar í Útvegsmannafélagi Vestfjarða. Heldur stefndi því fram, eins og áður getur, að um það bil þriðjungur þeirra vélstjóra, er starfa á fiskiskipum 50—500 smálestir að stærð, sem gerð eru út frá Vestfjörðum, séu félagsmenn sínir, og á þeim sex skuttogurum, sem verkfallið nær til og gerðir eru út á félagssvæði Útvegsmannafélags Vestfjarða, séu 7 vélstjórar félagsmenn í Vélstjórafélagi Íslands.

Við þessar aðstæður telur stefndi, að ljóst sé, að hann eigi samkvæmt 5. gr. laga nr. 80/1938 fullan rétt til þess að krefjast þess, að Útvegsmannafélag Vestfjarða gangi til samninga við sig um kaup og kjör þeirra félagsmanna í Vélstjórafélagi Íslands, sem starfi hjá félagsmönnum útvegsmannafélagsins, og skipti það engu máli í því sambandi, þótt einhverjir félagsmenn stefnda séu jafnframt félagsmenn í stéttarfélagum í Alþýðusambandi Vestfjarða. Sé þeim jafn skylt, þrátt fyrir það, að hlíta verkfallsboði stéttarfélags síns. Samkomulag það um kaup og kjör, sem undirritað hafi verið vestra hinn 25. marz sl., hafi heldur ekki verið staðfest af stéttarfélagum þar vestra fyrr en eftir að verkfall stefnda var boðað, og geti sú samningsgerð ekki á nokkurn hátt haft áhrif á lögmæti verkfallsins.

Þá mótmælir stefndi eindregið þeim staðhæfingum, sem fram koma í framanrituðum greinargerðum Alþýðusambands Íslands og Alþýðusambands Vestfjarða, að hér sé ekki um kjarabaráttu að ræða, og að tilgangur stefnda með hinni umdeildu verkfallsboðun sé sá, að brjóta niður kjarasamninga annarra stéttarféлага. Stefndi sé hér aðeins að framfylgja lögmætri félagsskyldu sinni um að fá kjarasamninga vegna félagsmanna sinna við þá vinnuveitendur á Vestfjörðum, sem þeir starfi hjá, en neitað hafi rétttri samningsaðild stefnda. Tekur stefndi fram í því sambandi, að forgangsréttarákvæði það, sem sé í þeim kjarasamningi hans við önnur aðildarfélag innan L.Í.Ú., sem hann nú óski eftir, að Útvegsmannafé-

lag Vestfjarða gerist aðili að, sé aðeins eitt af mörgum kröfugerðaratriðum, sem í þessari samningsumleitan hans felist. Þetta kröfugerðaratriði sé hann reiðubúinn til að fella niður, enda þótt það skipti ekki að hans áliti máli að því er varðar lögmæti boðaðs verkfalls. Á það sé og að líta, að forgangsréttarákvæði stefnda nái til alls landsins, en forgangsréttur vélstjóra samkvæmt samningum Alpýðusambands Vestfjarða nái aðeins til takmarkaðs svæðis. Loks skipti forgangsréttarákvæðið í reynd mjög litlu máli. Mikill hörgull sé á vélstjórum og því starfi fjölmargir menn sem vélstjórar á vestfirzka fiskiflotanum, er ekki hafi full vélstjóraréttindi, en hafi fengið undanþágu frá lögmæltum réttindaskilyrðum.

## V.

1. Samkvæmt 1. gr. laga Vélstjórafélags Íslands er landið allt félagssvæði þess. Tilgangur félagsins er samkvæmt 2. gr. sömu laga m. a. sá, að gæta hagsmuna íslenzku vélstjórastéttarinnar og semja við rétta aðila um kaup hennar og kjör almennt. Í 9. gr. laganna segir: „Almennir félagar teljast þeir, sem starfa að vélstjórn á sjó eða landi samkvæmt kjarasamningum félagsins og eru engum öðrum stéttarfélagum háðir um kaup og kjör. Aukafélagar geta þeir orðið, sem ekki stunda vélstjórn eða verða, vegna stöðu sinnar, að greiða félagsgjöld eða gerast félagar í öðrum stéttarfélagum“.

Því hefur ekki verið mótmælt, að allmargir félagsmenn stefnda vinni á sjó og í landi á félagssvæði Alpýðusambands Vestfjarða, og skýlaus gögn hafa komið fram um það, að á 33 skipum, sem gerð eru út af félagsmönnum í Útvegsmannafélagi Vestfjarða, starfi 19 vélstjórar, sem stefndi telur félagsmenn sína. Gegna þeir I. eða II. vélstjórastöðum, en samtals eru I. og II. vélstjórar á skipum þessum taldir vera 62 samkvæmt skrá, sem lögð hefur verið fram í málinu.

Þegar þetta er virt, er ljóst, að Vélstjórafélag Íslands er almennt samkvæmt 5. gr. laga nr. 80/1938 réttur aðili til að semja um kaup og kjör félagsmanna sinna hvar sem þeir eru á landinu og er heimilt að gera verkfall til stuðnings kröfum sínum samkvæmt II. kafla nefndra laga. Gildir þetta þá einnig á félagssvæði Alpýðusambands Vestfjarða, nema sérstakar

aðstæður seti einhverjar skorður við lögmæltu samningsumboði þess eða verkfallsheimild.

Verður eigi talið, að 17. gr. sömu laga skjóti loku fyrir að félagið geti framfylgt lögmætum samningsrétti sínum með verkfalli, þótt ágreiningur um þenna rétt þess sé eigi áður borinn undir Félagsdóm.

2. Svo sem að framan greinir, semur Alþýðusamband Vestfjarða við Útvegsmannafélag Vestfjarða um kaup og kjör sjómanna á Vestfjörðum. Ná þeir samningar bæði til háseta, matsveina og vélstjóra, sem að jafnaði eru félagsmenn í sama stéttarfélagi, en auk þess er sérstakt stéttarfélag vélstjóra þar vestra, Vélstjórafélag Ísafjarðar, og er það einnig í Alþýðusambandi Vestfjarða. Eru öll stéttarfélög sjómanna á Vestfjörðum, en þau eru samkvæmt gögnum málsins 12 talsins, nú bundin kjarasamningi við Útvegsmannafélag Vestfjarða samkvæmt framangreindu samkomulagi frá 25. marz þ. á., að einu undanskildu, Verkalýðsfélaginu Brynju á Þingeyri.

Samkvæmt gögnum máls þessa er högum framangreindra 19 félagsmanna í Vélstjórafélagi Íslands svo háttað, að 12 þeirra eru einnig félagsmenn í stéttfélögum sjómanna þar vestra og eru þeir allir, að einum undanskildum, svo sem áður er greint, vegna þeirrar félagsaðildar sinnar, sbr. 3. gr. laga nr. 80/1938, bundnir þeim kjarasamningum, sem vestfirzk stéttarfélög hafa nú gert við Útvegsmannafélag Vestfjarða samkvæmt áðurnefndu samkomulagi frá 25. marz þ. á.

Stefndi hefur ekki farið þá leið, sem framangreind 9. gr. félagslaga hans heimilar, að gera þessa félaga sína að aukafélögum. Og þar sem þessir 11 félagsmenn hans eru þannig vegna nefndrar félagsaðildar þeirra þar vestra og vegna gerðra kjarasamninga þar, bundnir lögmætum kjarasamningi annarra stéttarféлага sömu starfsgreinar, verður stefndi að hlíta því, að þessir félagsmenn hans kunni að vera undanþegnir því að fara eftir annars lögmætum fyrirmælum hans, ef þau brjóta í bága við áðurgerða kjarasamninga, sem þeir eru bundnir af.

3. Þegar litið er sérstaklega til verkfalls þess, sem stefndi hefur boðað og aðeins tekur til sex skuttogara, þá standa

sakir þannig, að á þessum skipum starfa 7 vélstjórar, sem eru félagar í Vélstjórafélagi Íslands. Af þeim eru 5 jafnframt félagsmenn í Vélstjórafélagi Ísafjarðar, en það félag samþykkti endanlega hinn 15. apríl sl. aðild sína að nefndu samkomulagi frá 25. marz sl., eða 2 dögum áður en boðað verkfall stefnda skyldi hefjast. Eru þessir 5 vélstjórar samkvæmt framansögðu bundnir kjarasamningi Vélstjórafélags Ísafjarðar við Útvegsmannafélag Vestfjarða og þátttaka af þeirra hálfu í verkfalli, sem beinist gegn félagsmönnum þess félags, því ólögmæt.

Með hliðsjón af bréfi Farmanna- og fiskimannasambands Íslands til Landssambands íslenskra útvegsmanna, dags. 25. marz sl. og verkfallsboðun stefnda 9. apríl sl., verður að telja, að verkfallsboðun Vélstjórafélags Íslands sé gerð í þeim tilgangi að knýja Útvegsmannafélag Vestfjarða til að gerast aðili að kjarasamningi þeim, sem nú hefur tekið gildi milli Vélstjórafélags Íslands og allra annarra útvegsmannafélaga innan L.Í.Ú. Í 26. gr. þess samnings er, svo sem áður er greint, svohljóðandi ákvæði: „Félagar í L.Í.Ú. skuldbinda sig til að láta féлага í F.F.S.Í. ganga fyrir vinnu“. Því er einnig áður lýst, að í 23. gr. kjarasamnings þess, sem Alþýðusamband Vestfjarða hefur gert við Útvegsmannafélag Vestfjarða, er samið um það, að félagsmenn Vestfjarðafélaganna skuli „hafa forgangsrétt til skipprúms í skipum og bátum þeim, er samningur þessi tekur til og gerðir eru út frá félagssvæði viðkomandi félags“. Þenna samning staðfesti Vélstjórafélag Ísafjarðar 15. apríl sl. Var Útvegsmannafélag Vestfjarða samkvæmt því þegar bundið forgangsréttarákvæði við nefnt stéttarfélag vélstjóra, áður en verkfall stefnda skyldi hefjast.

Dómurinn telur, að fylgja verði þeirri grundvallarreglu, að hafi stéttarfélag náð samningi við vinnuveitanda um forgangsrétt félagsmönnum sínum til handa, megi annað stéttarfélag í sömu starfsgrein ekki beita verkfalli til þess að knýja þann sama vinnuveitanda til að skuldbinda sig til að veita sér sama rétt, enda er það andstætt réttum rökum, að tveir aðiljar geti haft hliðstæðan forgangsrétt til vinnu. Skiptir eigi máli, þótt högum kunni að vera svo háttáð í stétt vélstjóra, að forgangsréttur vegi ekki nú um skeið mikið í sam-

skiptum útvegsmanna og vélstjóra vegna skorts á hinum síðarnefndu. Er verkfall af hálfu framangreindra 5 vélstjóra einnig ólögmætt af þessari ástæðu.

4. Þá kemur til álita og athugunar verkfallsaðstaða tveggja vélstjóra af þeim sjö, sem boðað verkfall stefnda átti að ná til. Þeir eru báðir vélstjórar á skuttogaranum Framnesi I, ÍS 708. Annar þeirra, Einar Gunnarsson, er aðeins félagsmaður í Vélstjórafélagi Íslands. Hinn, Davíð Kristjánsson, er bæði félagsmaður í Vélstjórafélagi Íslands og Verkalýðsfélaginu Brynju á Þingeyri. Það félag hefur ekki enn gert kjarasamning við Útvegsmannafélag Vestfjarða. Þessir tveir vélstjórar eru samkvæmt þessu eigi bundnir ákvæðum kjarasamnings stéttarfélags við nefnt útvegsmannafélag. Af því leiðir, að þeir eru samkvæmt 3. gr. laga nr. 80/1938 bundnir við ákvarðanir stéttarfélags síns, Vélstjórafélags Íslands, enda hefur eigi verið sýnt fram á, að sérstakir samningar eða önnur lögmæt atriði takmarki félagsskyldur þeirra gegn því stéttarfélagi.

Með vísun til framanritaðra atriða verður niðurstaða máls þessa sú, að taka ber til greina þá kröfu stefnanda, að verkfall það, sem Vélstjórafélag Íslands boðaði að hefjast skyldi hjá vélstjórum á skuttogurum undir 500 rúmlestum að stærð, sem gerðir eru út á félagssvæði Útvegsmannafélags Vestfjarða, sé ólögmætt, að undanskildu verkfalli hjá vélstjórunum Einari Gunnarssyni og Davíð Kristjánssyni á skuttogaranum Framnesi I, ÍS 708.

Eins og málsatvikum er háttað, þykja ekki efni til að dæma sekt á hendur stefnda, Vélstjórafélagi Íslands, og ber að sýkna hann af þeirri dómkröfu stefnanda.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

#### Dómsorð:

Verkfall það, sem stefndi, Vélstjórafélag Íslands, boðaði að hefjast skyldi 17. apríl sl. á skuttogurum undir 500 rúmlestir að stærð á félagssvæði Útvegsmannafélags Vestfjarða, er ólögmætt, að því undanskildu, að lögmætt er verkfall af hálfu vélstjóranna Einars Gunnarssonar



og Davíðs Kristjánssonar á skuttogaranum Framnesi I, ÍS 708.

Stefndi á að vera sýkn af kröfu stefnanda um greiðslu sektar.

Málskostnaður fellur niður.

Föstudaginn 20. desember 1974.

Nr. 3/1974. **Félag íslenzka prentiðnaðarins**

(Áki Jakobsson hrl.)

gegn

**Alþýðusambandi Íslands f. h.**

**Hins íslenzka prentarafélags**

(Egill Sigurgeirsson hrl.).

Dómarar:

Guðmundur Jónsson, Sigurður Línfal, Bjarni K. Bjarnason, Ragnar Ólafsson og Jónas Aðalsteinsson hrl. nefndur til dómsetu í þessu máli af hálfu stefnanda samkvæmt 2. mgr. 39. gr. laga nr. 80/1938.

Frávísun. Málið átti að fara fyrir gerðardóm.

### Dómur.

Mál þetta er höfðað fyrir Félagsdómi með stefnu, dags. hinn 28. október 1974, af Félagi íslenzka prentiðnaðarins gegn Alþýðusambandi Íslands fyrir hönd Hins íslenzka prentarafélags, „til þess að fá það dæmt til þess að þola að meðlimir þess fái ekki greitt orlof, hvorki úttekna orlofsdaga né greitt orlofsfé fyrir tímunn frá 27. marz til 9. maí 1974, eða 43 daga, sem verkfall prentara stóð“. Er þess og krafizt, að varnaraðila verði gert að greiða sóknaraðila málskostnað samkvæmt mati dómsins.

Af hálfu varnaraðila eru þær dómkröfur gerðar aðallega, að málinu verði vísað frá Félagsdómi og til samningsbundins gerðardóms aðiljanna, en til vara, að varnaraðili verði sýkn-